

Alþingi
Erindi nr. P 136/1049
komudagur 5.3.2009

Alþingi
Samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. mars 2009
Tilvísun: 2009020223bS/--

Persónuvernd vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Verði frumvarpið samþykkt verður bætt við framangreind lög ákvæði um að haffærisskírteini eða annað jafngilt skírteini fyrir skip skuli ekki gefið út nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Ætla verður að í tengslum við slíkar tryggingar fari fram vinnsla persónuupplýsinga og fellur það því undir starfssvið Persónuverndar að veita umsögn um framangreint frumvarp.

Persónuvernd gerir ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with the first letter 'Þ' being particularly large and stylized.

Þórður Sveinsson